

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 1
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.01.2016
Málalýkill	04.30
Mál nr.	160/570

Garðabær, 28. janúar 2015

Efni: Skólamál Hjallastefnunnar í Garðabæ

Undirrituð eru öll foreldrar sem eiga börn á ýmsum stigum í grunnskólum Hjallastefnunnar í Garðabæ. Síðustu misseri hefur verið yfirvofandi að skólastarfi á miðsstigi yrði hætt. Á fundi stjórnar Hjallastefnunnar fyrir skemmstu var samþykkt að halda áfram rekstri Vífilsskóla með fyrirvara um samþykkt bæjarstjórnar fyrir ákveðnum breytingum.

Án þess að hafa nákvæmar upplýsingar um það hver framangreind mál eru vilja undirrituð skora á bæjarstjórn Garðabæjar til þess að taka erindi Hjallastefnunnar vel með það að markmiði að skólastarf í skólanum geti haldið áfram næsta haust.

Vífilsskóli er ungur skóli sem er rétt að byrja að móta hefðir og byggja upp reynslu. Engu að síður hefur skólinn verið brautryðjandi í kennslu á spjaldtölvur, farið nýjar og óhefðbundnar leiðir í kennslunni og mótað sér stefnu fyrir börn á miðstigi byggða á kynjanámskránni sem Hjallastefnan byggir á. Börnin í Vífilsskóla læra um vináttu, samskipti og virðingu alla daga. Viðmótið í Vífilsskóla er einstakt og nándin við kennarana gerir það mun einfaldara að leysa þau mál sem koma upp. Lagt er upp með að öllum líði vel og nám sem og önnur verkefni eru sniðin að hverjum og einum einstakling. Námið fer fram á fjölbreyttan hátt og áhersla lögð á grunnþætti náms eins og íslensku, stærðfærði og tungumál auk þess að styrkja börnin í upplýsingatækninni.

Það er okkar mat að Hjallastefnan sé frábær valkostur fyrir stúlkur og drengi og að skólastarf þar ætti að vera sambærilegt öðrum skólum í Garðabæ og ná upp í 12 ára aldur. Við óttumst enn fremur að verði miðstigið lagt niður verði það upphafið af endalokum Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ líka. Ljóst er að samfellan í skólastarfi sem margir foreldrar eru að sækjast eftir væri þá ekki til staðar.

Í umræðum síðustu vikna hafa margir foreldrar hafa lýst sig reiðubúna til þess að leggja sitt af mörkum til þess að tryggja skólastarfið. Þrátt fyrir að slíkt hafi ekki tíðkast í skólum Garðabæjar til þessa þá sýnir þetta vel þá skoðun sem íbúar bæjarins hafa á skólastarfinu á Vífilsstöðum og líðan barnanna í skólanum.

Það er bæjarfélaginu til mikils sóma hvernig skólamálum er hér háttað. Frjálst val á skólum gefur foreldrum mikið frelsi til ákvarðana og tveir einkareknir skólar auka fjölbreytnina svo um munar. Hjallastefnan hefur verið vinsæl í bæjarfélaginu og þangað koma börn úr öllum hverfum. Þessi

valkostur gerir bæinn okkar enn fjölskylduvænni og tryggir börnum gott nám með góðum uppeldislegum gildum.

Okkur er það mikið í mun að stjórnendur bæjarfélagsins geri sitt ýtrasta til þess að tryggja áframhaldandi fjölbreytni í skólamálum og skorum við á þá til þess að tryggja áframhaldandi skólastarf á miðsstigi Vífilsskóla.

Gunnar Berg Viktorsson og Dagný Skúladóttir, Línakri 4, Garðabæ.
Foreldrar tveggja barna í Vífilsskóla og Barnaskólanum í Garðabæ.

Einar Þorsteinsson og Björg Jónsdóttir, Ljósakri 14 Garðabæ.
Foreldrar tveggja barna í Vífilsskóla og Barnaskólanum í Garðabæ.

Stefán Eiríks Stefánsson og Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Birkiási 38, 210 Garðabæ.
Foreldrar þriggja drengja í Vífilsskóla og Barnaskólanum í Garðabæ.

Ingi Fróði Helgason og Harpa Helgadóttir, Asparási 3, 210 Garðabæ.
Foreldrar þriggja barna í Vífilsskóla og Barnaskólanum í Garðabæ.

Afrit sent til:

Bæjarráðs Garðabæjar

Bæjarstjóra Garðabæjar